

Ágrip

Sarkmein í stoðkerfi á Íslandi 1986-2015

Kjartan Þórssón¹, Halldór Jónsson jr.^{1,2}, Bjarni A. Agnarsson^{1,2}, Helgi Sigurðsson^{1,2}, Hildur Einarsdóttir^{1,2}, Jón Gunnlaugur Jónasson^{1,2}

¹Læknadeild Háskóla Íslands, ²Landspítali Háskólasjúkrahús

Inngangur: Sarkmein er heiti yfir krabbamein í bandvef, beinum og vöðvum og telja um 1-2% allra illkynja æxla sem greinast á Íslandi og á heimsvísu. Sarkmein eiga það flest sameiginlegt að vera upprunnin úr miðkímlagi í fósturvef og eru almennt flokkuð í tvo flokka, mjúkvefjasarkmein og beinsarkmein, en greinast svo enn frekar eftir yfir 70 mismunandi vefjagerðum. Sérstakt sarkmein meðferðarteymi (IceSG) hefur verið starfrækt á Landspítalanum síðan árið 2009 með það að markmiði að bæta og samræma meðferð sjúklinga með sarkmein á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að kanna nýgengi, þróun greiningar, meðferðar og lífítíma sarkmeinasjúklinga á Íslandi á árunum 1986-2015.

Efniviður og aðferðir: Afturskyggn rannsókn sem tók til allra tilfella frá Krabbameinsskrá Íslands sem mögulega gátu flokkast til sarkmeina á árunum 1986-2015. Skráðar voru eftirfarandi breytur: Kennitala, aldur við greiningu, kyn, greiningaraðferð (dánarvottorð, klínísk greining, röntgen/skönnun, efnafræðileg greining, finnálarsýni, grófnálarsýni á meinvarpi og grófnálarsýni á fumæxli), númer æxlis, ár greiningar, ICD-10 staðsetning æxlis, meingerð æxlis (morfología), dánardagur og meðferð. Notast var við skilgreiningu skandinavíska sarkmeina hópsins (Scandinavian Sarcoma Group, SSG) og Krabbameinsskrá Íslands við að ákvarða hvaða vefjagerðir sarkmeina skyldi notast við í rannsókninni. Nýgengi var reiknað útfrá alþjóðlegum staðli. Notast var við tölfraeðiforritið R og Excel við útreikninga auk hönnun á töflum og gröfum.

Niðurstöður: Aldursstaðlað nýgengi mjúkvefjasarkmeina á Íslandi á tímabilinu 1986-2015 var 2,33 hjá körlum og 1,93 hjá konum á hverja 100.000 einstaklinga. Aldursstaðlað nýgengi beinsarkmeina var síðan 1,26 hjá körlum og 0,84 hjá konum á hverja 100.000 einstaklinga. Á tímabilinu voru greind 233 mjúkvefjasarkmein og 92 beinsarkmein á Íslandi. Fleiri karlar greindust með sarkmein á tímabilinu og þau einnig oftast staðsett í útlimum. Af mjúkvefjasarkmeinum voru liposarcoma algengust (24,5%), þá malignant fibrous histiocytoma (17,6%) og síðan leiomyosarcoma (15,9%). Af beinsarkmeinum voru chondrosarcoma algengust (47%), þá osteosarcoma (35%) og síðan Ewing sarcoma (18%). 5 ára lifun sjúklinga með mjúkvefjasarkmein var 63% og 69% hjá sjúklingum með beinsarkmein. Byrjað var með segulómrannsókn á tímabilinu, finnálarsýni er nánast horfið og grófnálarsýni tekið yfir. Ekki reyndist mögulegt að kanna breytingar í meðferð við sarkmeinum vegna skorts á upplýsingum í gagnagrunni Landspítalans.

Ályktanir: Þessar tölur eru svipaðar þeim sem sjást á Norðurlöndunum. Með þessum niðurstöðum okkar gefst kostur á að koma grunnupplýsingum í þann skráningargrunn sem hefur verið í gangi á Landspítalanum frá 2009 og má þannig nota til gæðaeftirlits í framtíðinni og gera þannig raunhæfan samanburð við Skandinavíu.